

## 102

20. maí

- Við stofn sjóðsins skal árlega leggja:
- a. vexti;
  - b. gjafir, áheit og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast.

## 5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skrifstofustjóri Alþingis, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, skóræktarstjóri ríkisins og einn maður, er starfsmenn Alþingis kjósa til eins árs í senn.

Fjármálaráðuneytið endurskoðar reikninga sjóðsins.

## 7. gr.

Alla vextina skal leggja við höfuðstólinn — en hann má aldrei skerða — þangað til þeir eru orðnir kr. 500 á ári, en eftir það aðeins helming þeirra. Hinn hluta vaxtanna skal stjórn sjóðsins úr því verja til styrkveitinga og verðlauna.

## 8. gr.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins skal birtur árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

## 9. gr.

Ef sjóðstjórninni þykir ástæða til, getur hún látið endurskoða skipulagsskrá þessa á 5 eða 10 ára fresti. En tilgangi sjóðsins má þó eigi raska.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá sjóðsins.

Reykjavík, 8. marz 1943.

Í umboði starfsmanna Alþingis

Guðmundur Davíðsson. Jón Sigurðsson.

## 103

21. maí

## REGLUGERÐ

## um skömmtun á gúmmívaðstígvélum.

## 1. gr.

Engum er heimilt að selja gúmmívaðstígvél karlmanna (nr. 7 eða stærri) nema kaupandi skili innkaupsleyfi.

## 2. gr.

Allir þeir, sem verzla með slík stígvél, skulu hinn 1. júní gefa skömmtunaryfirvaldi skýrslu um birgðir sínar þann dag, í því formi, sem skömmtunarskrifstofa ríkisins ákveður. Heildarskýrslur úr hverjum stað skulu sendar skömmtunarskrifstofu ríkisins.

## 3. gr.

103

21. maí

Skömmtunarskrifstofa ríkisins býr út eyðublöð um beiðnir til kaupa á gúmmívaðstígvélum og skal í beiðninni vera yfirlýsing um það, að beiðandinn eigi ekki nothæf gúmmívaðstígvél. Eyðublöð þessi sendir skömmtunarskrifstofan skömmtunaryfirvöldum.

Hver sá, sem óskar að fá keypt karlmannavaðstígvél úr gúmmí, skal fylla út eyðublað með beiðni um að sér verði afhent innkaupsleyfi.

## 4. gr.

Skömmtunaryfirvöld í hverjum kaupstað eða hreppi láta innkaupsleyfi í té.

Innkaupsleyfin skulu aðeins látin í té eftirtöldum aðilum:

- a. sjómönnum og öðrum, sem stunda landvinnu í sambandi við útgerð (t. d. við aðgerð, í íshúsum o. s. frv.);
- b. bændum og öðrum, sem stunda landbúnaðarvinnu;
- c. verkafólki öðru en því, er talið er undir a. og b., sem að dómi skömmtunaryfirvalds hefur þörf fyrir slíkan skófatnað.

Ef skömmtunaryfirvald neitar um útgáfu innkaupsleyfis, má áfrýja neituninni til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

## 5. gr.

Skömmtunaryfirvöld geta krafizt þess, að leyfisbeiðandi leggi fram vottorð skipstjóra, útgerðarmanns eða vinnuveitenda, eða í sveitum oddvita, til sönnunar því að hann stundi einhverja þá atvinnu er í 4. gr. segir.

## 6. gr.

Allar beiðnir, sem afgreiddar eru, skal senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, sem hefur eftirlit með úthlutuninni. Einnig skulu verzlánir senda skömmtunarskrifstofu ríkisins um hver mánaðamót þau innkaupsleyfi, sem afgreidd hafa verið, ásamt skýrslu um birgðir, innkaup og sölu í mánuðinum.

## 7. gr.

Án fyrirmæla frá skömmtunarskrifstofu ríkisins má ekki afhenda neinum aðila innkaupsleyfi fyrir meira en einu pari af gúmmistígvélum á ári. Innkaupsleyfi fyrir klofháum gúmmistígvélum (bússum) má aðeins veita sjómönnum.

## 8. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka birgðir verzlana af þeim vörum, sem ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar taka til.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari sæta sektum allt að 10000 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

## 10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 21. maí 1943.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*